

Breathe normally ehf.
Fiskislóð 45
101 Reykjavík
arnar@fenirfilms.com

Reykjavík 29. september 2017
UST201709-181/G.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Arnars Benjamíns Kristjánssonar fyrir hönd Breathe normally ehf, 25. september 2017, vegna leyfis til aksturs utan vega á Reykjanesi og til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs vegna verkefnisins Apollo. Tökur eru áætlaðar dagana 5. og 6. október 2017, frá kl. 06:00 – 22:00.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3 ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Unnið er að gerð stuttmyndar þar sem fjallað verður um þann atburð þegar tunglfarar NASA voru við æfingar á Íslandi áður en haldið var til tunglsins. Tökur fara fram á þremur mismunandi stöðum á sunnanverðu Reykjanesi. Staðirnir eru austan og vestan Grindavíkur og eru staðsetningar sýndar á myndum í fylgiskjali. Staður nr. 1 er utan fólkvangsins, staður nr. 2 er á mörkum hans og staður nr. 3 er innan fólkvangs. Við tökur verða notaðar tvær rútur og tveir tækjabílar sem verða staðsettir á vegum nálægt tókustöðum. Þá verður notaður tungljeppi frá NASA sem er hannaður til að keyra á tunglinu. Bíllinn er léttari en fjórhjól og skilur eftir sig lítil för. Gert er ráð fyrir að tungljepinn aki utan vega en ekki önnur ökutæki. Engir aðrir leikmunir verða notaðir. Samkvæmt myndum sem fylgja umsókninni og upplýsingum umsækjanda er um sendið land að ræða. Umsækjendur verða með teymi fólks sem mun lagfæra ummerki eftir jeppann að tókum loknum. Alls koma 25 manns að verkefninu á tókustað. Takmarkanir gætu orðið á umferð sem leið á um svæðið á meðan tókum stendur en umferð um það er ekki mikil og yrði takmörkuð í stuttan tíma í senn.

Áhrifamat:

Um er að ræða sendin svæði með lítilli eða engri góðurþekju. Umhverfisstofnun metur að akstur tungljeppann utan vegar á þeim svæðum sem ráðgert er að tökur fari fram á séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á þau svæði sem hann mun keyra um ef tekið er tillit til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir akstrinum. Tökur innan Reykjanesfólkvangs eru ekki taldar skerða verndargildi svæðisins sé þess gætt að raski á gróðri verði haldið í lágmarki.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vegar á Reykjanesi og kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs vegna Apollo verkefnisins skv. verklýsingu í umsókn umsækjanda dagana 5. – 6. október 2017 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til landvarðar Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar frágangi lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Allur akstur almennra ökutækja er bannaður utan vega og merktra slóða en leyfi veitt fyrir akstri tunglbíls á þeim svæðum sem fram koma í umsókn umsækjanda.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega og göngustíga að tókum loknum.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og skal þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt. Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin hvetji til aksturs utan vega þá fer Umhverfisstofnun fram á að í henni verði þess getið að akstur utan vega sé óheimill á Íslandi nema sérstök heimild eða leyfi komi til.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tókunum. Sækja þarf um leyfi til Grindavíkurbæjar.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að rétt sé að hafa samband við Vegagerð og lögreglu vegna tímabundinna lokana vega vegna kvikmyndatökunnar.


Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð á friðlýstum svæðum sbr. 2 mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið skal ver 39.400 kr. sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr./klst.

Virðingarfyllst,



Sigrún Agústs dóttir
Sviðstjóri



Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur